

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2025 (134. fundur)
KA/VHV/BE

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 5. júní 2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Sveinn Valdimarsson fh. LHG	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

1. Endurskoðun á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, vinnslutillaga.

Fram kom að formaður hafði fundað með fulltrúum innviðaráðuneytis fyrir í vikunni vegna erindis nefndarinnar frá síðasta ári vegna tillögu Isavia að breyttu aðalskipulagi flugvallarins. Í erindinu var óskað eftir afstöðu ráðuneytis til breytinga sem m.a. eru ráðgerðar á brautakerfi flugvallarins. Lagði formaður til að tillaga að breyttu aðalskipulagi færi í forkynningu (vinnslutillaga), áður en ráðuneytið mótaði endanlega afstöðu til erindis nefndarinnar. Tilgangur slíkrar kynningar er að fá fram afstöðu helstu hagaðila til breytinga áður en endanleg tillaga er kynnt til athugasemda. Kostur þess er að þá getur ráðuneytið séð athugasemdir sem berast áður en það mótar endanlega afstöðu til breytinganna og erindis nefndarinnar. Forkynningin fer í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Afstaða ráðuneytisins til forkynningar er til skoðunar hjá ráðuneytinu og verður send formanni þegar hún liggur fyrir.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd samþykkir að heimila að auglýsa vinnslutillögu í samræmi við skipulagslög.

2. Fálkavöllur 13. Deiliskipulagsbreyting, vestursvæði Keflavíkurflugvallar.

Grenndarkynning hefur farið fram og málið kynnt fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Lagt til að skipulagstillaga verði samþykkt með þeirri viðbót að nýtingarhlutfall verði lagfært.

Afgreiðsla: Deiliskipulagsbreytingin er samþykkt.

3. Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting.

Óskað er eftir að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem er lögð fram til kynningar. Um er að ræða fjórar breytingar þ.e. vegna nýrra vatnstanka nálægt flugstöðinni, lóðir við Smyrilsvöll, ný bílastæði við Gæsavöll og auglýsingaskilti.

Umræður undir þessum lið lutu aðallega að vatnstönkunum og staðsetningu þeirra, einkum vegna neikvæðrar ásýndar þeirra miðað við staðsetningu.. Samkvæmt skýrslu EFLU sem fylgdi tillögunni komu nokkrar staðsetningar til greina. Rök fyrir staðsetningu eru af skornum skammti í tillögunni og telur nefndin rétt að kalla eftir frekari upplýsingum um val á stað fyrir vatnstankana áður en skipulagstillagan fær frekara brautargengi. Skipulagsfulltrúa falið að fylgja því eftir ásamt því að æskilegt væri að ásýndarmyndir yrðu betur unnar.

Fremur brýnt að málið hljóti afgreiðslu og því ákveðið að boða til næsta fundar skipulagsnefndarinnar fljótlega til að fjalla um þetta mál.

Afgreiðsla: Erindinu frestað.

4. Umsagnarbeiðni Reykjanesbæ.

Bolafótur M11, auglýsing á aðalskipulagsbreytingu. Umsagnarfrestur er til 18. júní.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur áður bent á að fyrirhuguð byggð er í beinni flugstefnu og verður því að gera ráð fyrir umtalsverðum hávaða vegna flugumferðar yfir byggðinni.

Afgreiðsla: Ítrekuð er fyrri bókun skipulagsnefndar frá apríl 2024 .

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Umsókn um framkvæmdaleyfi frá Isavia vegna nýrrar aðreinar sem tengist Reykjanesbraut.

Um er að ræða nýjan veg austan við núverandi bílastæði á P3 sem tengir saman Leifsvöll, sem liggur fyrir framan flugstöð, og Reykjanesbraut. Nýi vegurinn verður ein akrein með akstur í norður frá flugstöð og er verkefnið liður í því að gera einstefnu fyrir framan flugstöð. Samtal hefur átt sér stað í undirbúningi við Vegagerðin og HES sem eru einu hagsmunaaðilarnir því telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu.

Umræður á fundi um hvort komi niður á vinnuvegi fyrir verktaka og hjólastíg. Ekki talið að hafi nein neikvæð áhrif.

Afgreiðsla: Samþykkt að heimila skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi.

6. Ósk frá Isavia um framlengingu á framkvæmdaleyfi vegna settjarnar og olíuskilju austur af skýli 885 við Háaleitishlað.

Óskað er eftir framlengingu á útgefnu leyfi þar sem tafist hefur að hefja framkvæmdir vegna ákveðinna úrlausna sem hefur verið unnið að í samstarfi með Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (HES).

Afgreiðsla: Samþykkt að framlengja framkvæmdaleyfið út árið 2025.

7. Svæðisskipulag Suðurnesja, tillaga – uppfærð gögn.

Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál.

8.1 Helguvík, auglýsing á aðalskipulagsbreytingu.

Umsagnarbeiðni frá Reykjanesbæ. Umsagnarfrestur er til 14.07.2025. Um er að ræða breytingar á afmörkun á iðnaðar-og hafnarsvæðum í aðalskipulagi og skilmálum fyrir lóðir til að koma fyrir inn- og útflutningsstarfsemi, geymslusvæði skipaeldsneytis og endurskilgreina mörk hafnar- og iðnaðarsvæða.

Afgreiðsla: Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

8.2 Uppgræðsluáætlun Isavia við fyrirhugað Demantssvæði.

Rætt um erindi frá Reykjanesbæ sem barst skipulagsfulltrúa, sem leggur það fram fyrir nefndina til umræðu. Fulltrúi Reykjanesbæjar í nefndinni fór yfir innihald erindis.

Afgreiðsla: Skipulagsnefndin tekur undir athugasemdirnar í erindinu mun brýna fyrir Isavia að bæta úr.

8.3 Heimild til Isavia vegna mengaðs jarðvegs.

Lagt er fram til kynningar heimild til Isavia frá HES til tímabundinnar geymslu og meðhöndlunar olíumengaðs jarðvegs innan afmarkaðs reits á steypu plani við svokölluð Alert skýli. HES álitur geymslusvæðið hluta af flugvallarstarfseminni og gildir heimildin til eins árs með ákveðnum skilyrðum sem koma fram í heimildinni.

Afgreiðsla: Nefndin mun vekja athygli Isavia á hugsanlegum fokáhrifum vegna nálægðar við umferðarsvæði loftfara, ekki aðrar athugasemdir við áformin.

8.4 Starfsreglur skipulagsnefndar.

Formaður mun senda breytingartillögur til innviðaráðuneytis til yfirferðar áður en lagt verður fyrir skipulagsnefndina. Um er að ræða uppfærslu á lagatílvísunum og fl. en ekki efnislegar breytingatillögur.

9. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 26. júní 2025.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:25.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>